

**Kátt á hjalla** Utanríkisráðherra ásamt Wen Ji Bao, í heimsókn í Helliðsvirkjun 2012.



# Asiugáttin – Ísland nær forskoti

„Oftar en ekki hafa kínverskir valdhafar talað við mig um Ísland sem einkonar lýðræðislega tilraunastofu.“

## Aðsent

Össur Skarphéðinsson



Nýja-Sjáland og Chile eru dæmi um lönd, sem sköpuðu sér einstaka stöðu gagnvart Kína með því að ná því að gera fríverslunarsamning við það efnahagsveldi sem hraðast ris í heiminum. Þannig náðu Nýja-Sjáland og Kína einstöku forskoti á nágranna sína. Það hefur sannarlega komið þeim til góða. Viðskiptin milli Nýja Sjálands og Kína hafa síðan aukist um 50 af hundraði á tæplega fimm árum. Og viðskipti Kína og Chile hafa fimmfaldað frá árinu 2006. Sama mun gerast fyrir íslenskan útflyting fjölbreyttar flóru íslenskra fyrirtækja, þegar fríverslunarsamningur við Kína er kominn til framkvæmda. Hann mun skipta sköpun til framtíðar. Þá mun forskotið skipta okkur öllu gagnvart hinum risastóra kínverska heimamarkaði, og síu völd, sem við munum af honum njóta.

## Mikilvægi Asiugáttarinnar

Ég hef skilgreint Asiugáttina sem eina af þremur helstu viðskiptagáttum Íslands til umheimsins – og þar er Kína mikilvægast. Samhlíða höfum við líka lagt gríðarlega áherslu á fríverslun við SA-Asíu alla, Vietnam, Malasíu, og náttúrulega við risann Indland. Við höfum líka stofnað til pólitískra tengsla við Singaporé, sem hefur áhuga á norðurlöndum vegna væntanlegra skipaleiða norður um pól, og hefur áhuga á að fjárfesta með Kínverjum, Þjóðverjum, jafnvel Dúbaí, í umskipunarhöfn á Norðurlandi fyrir risafragtskip, sem eru ísstyrkt. Singaporé er raunar eina ríkið í heiminum sem er að smíða slík ofurskip. Eftir lígur Burma, 60 milljóna land sem er að opnast, og við megum ekki gleyma, og Kambódía, þar sem erfiðast er að athafna sig vegna útbreiddrar spillingar. Þessi ríki munu þróast saman í einn innri markað, sem verður þriðji stærsti heimamarkaðurinn á svæði-

inu, á eftir Kína og Indlandi. Það eru gríðarlegir hagsmunir fyrir okkur að ná pólitísku og viðskiptalegu forskoti með því að gera fríverslunarsamninga við þau öll. Ég hef sem utanríkisráðherra unnið sleitulaust að því, einsog þau fjölmörgu fyrirtæki víta, sem ég hef átt samskipti við sökum þessa. Afraksturinn munu íslensk fyrirtæki skera upp á næstu árum og áratugum. Í utanríkisráðuneytinu er framsýni leiðarljófs okkar.

## Fríverslun við Kína

Auk þess sem ég hef ýtt fast á eftir gerð fríverslunarsamninga við Indland, Malasíu, og Vietnam, vegna starfa minna sem formaður ráðherraráðs EFTA um sinn, þá hef ég líka lagt mikla áherslu á að nota góð og vaxandi tengsl Íslendinga við efnahagsríkann sem hraðast flýgur með himinskautum og hef nú lokið fríverslunarsamningi við Kína. Hann verður undirritaður í næsta mánuði af forsætisráðherra Íslands.

Kínverjar féllu frá kröfum um óheftan tímabundinn innflutning á vinnuafli, bættu boð sín um afnám tolla á fiski og iðnvamingi, og skeyttu inn vernd hugverka. Það tókst ekki sist fyrir vinsemd Wen Ji Bao, sem hingað kom í fyrra, jarðfræðingur, sem svo hreifist af landi og þjóð, að á fundum með okkur íslenskum ráðherrum gaf hann í heyranda hljóði skýr fyrirráði til þeir 11 ráðherra sem með honum voru, að ljúka samningum og finna þær sérlausnir sem Ísland krafðist. Samningurinn mun skapa Íslandi einstakt forskot, alveg einsog Nýja-Sjálandi og Chile. Markaðurinn í Kína verður mikilvæg nýrækt fyrir íslenskan útflyting í framtíðinni.

## Tilraunastofa í lýðræði

Í Helgarblaði DV var um margt fróðleg grein um fríverslunarsamning Íslands og Kína undir yfirskriftinni „Fyrsta skrefið til Evrópu“. Hún var eftir Inga Frey Vilhjálmsson, sem kvartaði undan að hafa ekki náð samtal við vesling minn. Í henni eru því gerðir skór að áhugi Kínverja á gerð fríverslunarsamnings við Ísland væri

helst til að prófa sig áfram í samningum við lönd ríki til að vera betur undir þar bunnir síðar að gera samninga við stærri og öflugri ríki Evrópu – þó hagsmunir væru litlir. Inga svara ég því til, að sú kínverska forvitni sem jafnan leikur um Ísland hefur mér oft fundist stafa af því, að þeim finnst merkilegt að stúdera, og fylgjast með, hvernig lýðræði þróast í litlu, einangruðu ríki. Oftar en ekki hafa kínverskir valdhafar talað við mig um Ísland sem einkonar lýðræðislega tilraunastofu. Það hefur mér þótt upplífandi, því ég held að langtíma-markmið Kínverja sé að koma á fót lýðræði að okkar hætti – en þeir segja jafnan að þar verði að stíga hægt til jarðar og gott að fylgja fordæmum.

Í öllu falli gladdi það mig að Xi Jinping, sem ég átti langan merkisfund með í Kína 2011, og er nákvæmlega þessa dagana að verða forsætisráðherra í Kína og artaki Íslandsvarnarins Wen Ji Bao, lét það verða eitt sitt fyrsta verk að gefa fyrirskiptum um að loka vinnubúðum viðs vegar um Kína. Það gladdi mig ekki sist, vegna þess að þar sér í verki það sem kínverskir forystumenn hafa verið að segja okkur íslenskum málvinum þeirra, um vilja þeirra til að feta örugga lýðræðis-slóð, þó okkur kunni hún hæggara. Það er þeirra mál, og á meðan þeir feta jákvæða braut er ástæða til að gleðjast. En þeir sem þekkja til föður Xi Jinping, sem varð varaforseti Kína 1949, og aðfríða hans, eða hafa kynnt sér feril Xi sjálf, kemur það ekki á óvart. Þetta fór lágt á Vesturlöndum, en okkar góða RÚV gerði þessu frábær skil í. Speglinum með víðtali við fréttaritara okkar í Kína.

## Forskot Íslands í fríverslun

Forskot, einsog það sem ég hef sem utanríkisráðherra unnið sleitulaust að því að byggja fyrir Ísland, mun koma íslenskum fyrirtækjum og einstaklingum sem hyggja á viðskipti við Kína til góða. Aðeins nokkurra ára forskot getur tryggt sérstöðu ríkja um langt skeið. Fríverslunarsamningar skapa framtíðarmöguleika og þess vegna er ekki endilega einblínt á þau við-



Í heimsókn Össur heimsótti Kínverja sumaríð 2010. Á myndinni er hann með Xi Jinping.

skipti sem þegar eiga sér stað við val á samningsríkjum heldur til þeirra möguleika sem kunna að skapast í framtíðinni. Sá uppgangur sem orðið hefur í Kína á allra síðustu áratugum er dæmalaus og hefur ekki aðeins lyft hundruðum milljónum íbúa landsins upp úr sárri fátækt, heldur skapað fjölmenna vel stæða millistétt með mikla kaupgetu.

Hér er lag. Það skilja íslenskir útflytjendur best allra. Þeir hafa fjölmargir verið í sambandi við mig og ráðuneytið og spurð fréttu. Ég hef svarað með því að fara margefndur í samninga. Sú niðurfeeling tolla sem samningurinn felur í sér bætir samkeppnisstöðu þeirra til muna, ekki með því að fá fellda niður tolla á þeim vörum sem þeir flytja út nú heldur ekki síður á þeim vörum sem þeir hyggjast selja til Kína í framtíðinni.

Rétt er að í samanburði við mörg önnur ríki eru viðskipti Íslands og Kína ekki umfangsmikil en útflytingur frá Íslandi til Kína hefur vaxið skjótt og þétt og um rísk fjörtíu prósent milli árunna 2011 og 2012. Haldi áfram sem horfir mun vægi Kínamarkaðar aukast mjög í útflytingu frá Íslandi. Tækifærin eru ekki aðeins í útflytingu á fiski og

fiskafurðum, heldur einnig í landbúnaðarvörum, hátæknivörum og heilsuvörum svo fátt eitt sé nefnt.

Einangrun ríkja leiðir ekki góðs, það sanna dæmin. Kína skiptir æ meira máli á alþjóðavettvangi, ekki aðeins í efnahagslegu tilliti. Farsælla er því að ræða við Kínverja um þau mál sem á okkur brenna. Í því ljósi stöður Ísland ósk Kína um áhærnaradild að Norðurskautsráðinu. Við eignum vaxandi og góð samskipti við Kína en hikum ekki við að taka upp við þá viðkvæm mál á borð við brot á mannréttindum og réttindi og aðbúnað verkarfólks.

## Rammur um Íslandsverslun

Fríverslunarsamningurinn er rammurinn um viðskipti ríkjanna. Hann ryður úr vegi hindrunum, veitir aukin réttindi og bætir öryggi í viðskiptum og auðveldar þannig sókn fyrirtækja á nýja markaði. Þá er svo sannarlega að finna í Asíu. Samningurinn er liður í þeirri víðleitni að opna það sem ég hef skilgreint sem Asiugáttina, þar liggja nýræktir framtíðarinnar, og mikilvægt að tryggja hlut Íslands. Að því hefur ráðuneytið unnið kappsamlega. Þetta hefði ég getað sagt Inga hefðu örlögin leitt okkur saman.